

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Vegna aflla umfram leyfilegt hámark skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á reglugerð þessari.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu um viðurkenningu erlendra kennivottorða og undanþágu frá skyldu til að hafa vegabréfsáritun, nr. 234 23. mars 2001.**

## 1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist í stafrófsröð:

BRUNEI

BÚLGARÍA

HONG KONG, sérstjórnarsvæði, handhafar vegabréfa sem gefin eru út af yfirvöldum sérstjórnarsvæðisins.

MAKAÓ, sérstjórnarsvæði, handhafar vegabréfa sem gefin eru út af yfirvöldum sérstjórnarsvæðisins.

b. Í upptalningu við STÓRA BRETLAND í 1. tölul. falli brott: Brunei.

## 2. gr.

Orðin „frá Búlgaríu“ í 3. mgr. 2. tölul. 3. gr. falla brott.

## 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 46/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 25/2000, öðlast gildi 10. apríl 2001.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. apríl 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þorsteinn A. Jónsson.*